

## STOFNANASAMNINGUR

Ríkislögreglustjórans (RLS) og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs

### 1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna Félags íslenskra náttúrufræðinga sem eru í starfi hjá Ríkislögreglustjóranum. Hann er gerður á grundvelli 11. gr. kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs dags. 26. júlí 2001 og samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga 18. mars 2005

### 2. Almennar forsendur

Störfum skal raðað í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu eða viðvarandi verksvið og þess gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Raða skal í launaflokk í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt sé að þeir njóti jafnræðis. Taka skal mið af launum náttúrufræðinga sem starfa á opinberum stofnunum og þeim kjörum sem gilda fyrir sambærileg störf á almennum vinnumarkaði.

### 3. Starfsheiti og grunnröðun þeirra í launaflokka

#### 3.1

#### *Sérfræðingur 1*

Náttúrufræðingur án starfsreynslu. Starfar undir daglegum leiðbeiningum annars sérfræðings að afmörkuðum verkþáttum s.s. öflun og úrvinnsla gagna.

Eftir 12 mánuði í starfi hjá stofnun eða í skyldum störfum flýst starfsmaður í sérfræðing 2.

Lágmarksröðun: 3

#### *Sérfræðingur 2*

Er sérfræðingur í tilteknum málaflokki og hefur umsjón með og ber ábyrgð á tilteknum verkefnum sem þó eru undir yfirumsjón annarra. Sinnir þróunarverkefnum og er tengiliður við stofnanir í málaflokkum. Þjónustar innri og ytri viðskiptavini vegna málaflokksins/verkefnisins. Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin af yfirmanni og falla að starfinu eða samkomulag er um. Fylgir reglum og fyrirmælum um skyldur opinberra starfsmanna. Grunnmenntunarkrafa í starfið er BA eða BSc próf í tiltekinni/viðeigandi grein eða annarri grein ef þekking og reynsla á starfssviðinu er fyrir hendi.

Grunnröðun: 11

#### *Verkefnastjóri*

Vinnur sjálfstætt að yfirgripsmiklum og flóknum, sérhæfðum verkefnum og hefur umsjón með framgangi slíkra verka. Hefur kunnáttu og hæfni til að velja verkefni og ákveða efnistöð í samráði við yfirmann og leiða verkefnið. Hann undirbýr verkefni sjálfsstætt, sér um söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og túlkar niðurstöður. Hann er faglegur ráðgjafi, á samskipti við tengiliði og gerir áætlanir í samráði við yfirmann. Hann hefur leiðbeiningarskyldu við aðra starfsmenn við úrlausn verkefna. Grunnmenntunarkrafa er BA eða BSc próf ásamt yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu af verkefnastjórnun.

Grunnröðun: 13

#### *Deildastjóri.*

Starfið felur í sér stjórnun, áætlanagerð og yfirumsjón með úrlausnum allra verkefna deildarinnar og skiptingu verkefna á milli starfsmanna. Deildarstjóri samhæfir markmið deildarinnar, stefnu og markmiðum embættisins í samráði við yfirmann. Starfið felur í sér samskipti við ráðuneyti, önnur embætti og stofnanir um verkefni deildarinnar eða önnur verkefni sem honum eru falin af

yfirmanni og falla að starfinu eða samkomulag er um. Fylgir reglum og fyrirmælum um skyldur opinberra starfsmanna. Grunnmenntunarkrafa í starfið er meistaraþróf.  
Grunnröðun: 20

#### 4. Aðrir þættir sem taka skal mið af við röðun einstaklinga í launaflokka

Eftirtaldir þættir einstaklingsbundnir eða starfsbundnir gefa röðun umfram það sem kemur fram í grunnröðun starfa í 3. kafla. Sé eftir því óskað skal leggja fyrir samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem fram kemur hvaða forsendna hér að neðan (4.1-4.4) er verið að taka tillit til við röðun umfram grunnröðun.

##### 4.1 Menntun

*Mat á formlegri framhaldsmenntun:*

Formleg framhaldsmenntun skal metin með eftirfarandi hætti umfram grunnröðun starfsheita í launaflokka.

	<u>Fjöldi launaflokka</u>
BS-honor (120 einingar) eða hliðstæð menntun	1
MS-próf eða hliðstæð menntun	3
Ph.D-próf eða hliðstæð menntun	4

Mat á endur- og viðbótarmenntun í formi námskeiða:

5 einingar	1 lfl.
20 einingar	1 lfl. til viðbótar
35 einingar	1 lfl. til viðbótar

Gildi einingar skal vera skv. skilgreiningu HÍ á 1 einingu.

##### 4.2 Starfsreynsla

Fagleg starfsreynsla er skilgreind sem samantölgð vinna starfsmanns við sitt fræðasvið óháð vinnustað. Starfsreynsla áunnin við skammtímaráðningu skal einnig teljast að fullu.

Fagleg starfsreynsla eftir 3 ár bætist við 1 lfl.

Fagleg starfsreynsla eftir 10 ár bætist við 1 lfl. til viðbótar

Starfsreynsla; eftir 5 ár hjá viðkomandi stofnun bætist við 1 lfl.

##### 4.3 Starfsbundnir þættir

Til viðbótar þeirri launaröðun sem að framan er lýst geta eftirtaldir starfsbundnir þættir leitt til hækkunar launa náttúrufræðinga sbr. kafla 8. Hver liður er metinn til 1-2 launaflokka.

1. aukin ábyrgð
2. aukið umfang verkefna
3. ráðgjöf utan stofnunarinnar
4. kenning eða leiðbeining annarra starfsmanna
5. aukið álag, viðvarandi eða árstíðabundið

##### 4.4. Einstaklingsbundnir þættir

Til viðbótar þeirri launaröðun sem að framan er lýst geta eftirtaldir einstaklingsbundnir þættir leitt til hækkunar launa náttúrufræðinga sbr. kafla 8. Hver liður er metinn til 1-2 launaflokka.

1. árangur í starfi
2. sértæk reynsla sem nýtist við störf hans hjá stofnuninni
3. frumkvæði í starfi
4. samstarfshæfni
5. geta til að halda verkefnum innan tímaáætlana.

## 5. Tímabundin frávik frá verkviði

Vinni starfsmaður að tímabundnu verkefni sem felur í sér meira álag, umfang og/eða ábyrgð en gert er ráð fyrir skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Greitt verður samkvæmt sérstökum samningi sem aðilar gera með sér um verkefnið.

## 6. Endurmat starfskjara

Að minnsta kosti einu sinni á ári skulu störf starfsmanns/starfskjör metin og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til hækkunar á röðun hans innan ramma skv. 4. grein og með tilliti til þess hvort starf skuli fært til annars starfsheitis (starfaflokks).

## 7. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum hafi ekki verið rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar, skv. 11. grein kjarasamnings.

## 8. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra náttúrufræðinga. Samstarfsnefndin skal einnig semja um röðun starfa samkv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Nefndin fjallar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

## 9. Endurskoðunarákvæði.

Aðilar eru sammála um að endurskoða ákvæði þessa samnings ef þörf krefur og/eða annar aðili óskar þess. Verði breyting á starfsemi stofnunar eða meginverkefnum hennar skal gerð nauðsynleg endurskoðun á röðunarreglum samningsins.

## 10. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006 og skal endurskoðaður þegar einn eða fleiri samningsaðilar óska þess.

Reykjavík, 2. mars 2012

F.h. Ríkislögreglustjórans



F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

